

Alþingi
Erindi nr. P 139/1128
komudagur 12.1.2011



Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 7. janúar 2011

Efni: Umsögn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ um frumvarp til laga er varðar sölu sjávarafra o.fl., 50. mál.

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtrar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 14. desember 2010 þar sem óskað er umsagnar Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda um frumvarp til laga er varðar sölu sjávarafra o.fl.

Um I. kafla frumvarpsins.

SFÚ fagnar þeim breytingatillögum sem fram koma í I. kafla frumvarpsins. Er það skoðun SFÚ að sú breyting sem þar er boðuð sé skref í rétta átt til að leiðrétta þá samkeppnislegu mismunun sem SFÚ telur innbyggða í núgildandi lagaumgjörð greinarinnar.

Úthlutun aflaheimilda er úthlutun á gæðum sem eru af skornum skammti og aðgangshindranir talsverðar að veiðunum. Fyrirtæki sem reka útgerð reka mörg hver fiskvinnslur samhliða útgerðinni og kaupa hráefnið í fiskvinnsluna í raun af eigin bátum á mun lægra verði en markaðsverði, í skjóli laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Um hlutverk Verðlagsstofu segir í 1. gr. laganna „Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Svokallað Verðlagsstofuverð hefur verið talið lágmarksverð í beinum viðskiptum með afla, oftast nær á milli útgerðar og vinnslu í eigu sama aðila. Þó Verðlagsstofuverð sé uppgæfið sem lágmarksverð má segja að það verð sé engu að síður það verð sem almennt er notað í viðskiptum milli útgerðar og vinnslu í eigu sama aðila.

Verðlagsstofuverð hefur alla jafna verið umtalsvert undir því verði sem almennt gildir á opnum mörkuðum. Aðili sem stundar bæði veiðar og vinnslu er því að fá hráefni á lægra verði en aðrar fiskvinnslur. Þessi tvöfalda verðlagning skekkir samkeppnisstöðuna verulega og veitir handhafa aflaheimilda samkeppnislegt forskot sem hann getur síðan nýtt sér til að halda verði á opnum fiskmarkaði háu og eins með undirboðum á fullunninni vöru hjá erlendum kaupendum. Að auki felst ákveðið samkeppnislegt forskot í því að fá úthlutað aflaheimildum og með því tryggt hráefni í sína vinnslu.



Úthlutun aflaheimilda eftir lögum um stjórn fiskveiða og í framhaldinu verðlagning milli útgerðar og fiskvinnslu í skjóli laga nr. 13/1998 um verðlagsstofu, veitir því þeim aðila sem hefur á höndum bæði útgerð og vinnslu samkeppnislegt forskot á þann sem einungis rekur fiskvinnslu og kaupir sitt hráefni á frjálsum markaði. Má færa fyrir því gild rök að þessi tilhögun sé andstæð jafnræðisreglu stjórnarskrár, hún vegi að atvinnufrelsi manna og sé andstæð markmiðum samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með afnámi Verðlagsstofuverðs og upptöku markaðsverðs yrði samkeppnisstaða fiskvinnslu jöfnuð auk þess sem sjómenn fengju það sama greitt fyrir afla hvort heldur sem afli væri seldur í beinum viðskiptum eða á fiskmarkaði. Óeðlilegt verður að telja að sjómenn sem vinna nákvæmlega sömu störf og landa nákvæmlega sama afla séu á mismunandi launum eftir því hvort skipið er í eigu aðila sem jafnframt á vinnslu eða ekki. Jafnframt verður að telja óásættanlegt að slík kjaramismunun sé auk þess varin af lögum. Slíka mismunun verður að telja andstæða jafnræðisreglu stjórnarskrár.

Um II. kafla frumvarpsins.

Hvað varðar II. Kafla frumvarpsins bendir SFÚ á að ekki hefur verið skipað í Verðlagsráð sjávarútvegsins skv. lögum nr. 43/1985 síðustu 15-20 ár. Ef hugmyndin er að endurvekja Verðlagsráð sjávarútvegsins verður jafnframt að benda á að þeir fiskkaupendur sem skipa eiga Verðlagsráð og taldir eru upp í 5. gr. frumvarpsins eru ekki lengur starfandi.

Um III. kafla frumvarpsins.

Bendi á athugasemd hér að framan um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

II. Annað

Að svo komnu máli hafa SFÚ ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en áskilja sér að lokum rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Samtökin lýsa sig jafnframt reiðubúin til að funda um málefnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Elín Björg Ragnarsdóttir

Framkvæmdastjóri

